



BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

LÁGMÚLA 7 - SÍMAR 812090, 812112 - FAX 679239 - PÓSTHÓLF 8801 - 128 REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 115/1321


komudagur 22/5 1992

Menntamálanefnd Alþingis,
V/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK

19. maí 1992

Meðfylgjandi ályktun var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar Bandalags háskólanna í dag um hinar nýju breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Virðingarfyllt
Bandalag háskólanna


Sigmundur Stefánsson



BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

19.5.1992

ALYKTUN VEGNA BREYTINGA Á LÖGUM UM LÁNASJÓÐ ISLENSKRA NÁMSMANNA

Frankvæmdastjórn Bandalags háskólamanna mótmælir harðlega þeim breytingum sem nýlega voru gerðar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna bæði þá því er varðar endurgreiðslur og úthlutunarfyrirkomulag. Stjórnin telur verulega hættu á að hvort tveggja leiði til aukins misréttis. Frankvæmdastjórnin ítrekar fyrri yfirlýsingar um að sjóðurinn verði skipulagður með þeim hætti að markmið hans um jöfnun á aðstöðu til náms verði jafnan haft í öndvegi. Nú á tímum er almennt viðurkennt að líf skjör og afkoma fara öðru fremur eftir menntunarstigi þjóða. Því er hætt við að aðgerðir sem valda því að ungt fólk hverfur frá námi eða hættil við fyrirætlanir um háskólanám hafi neikvæð áhrif á líf skjör þjóðarinnar er fram líða stundir.